

## Lýsing á Rannsókn

Nafn	Viðhorf foreldra til daggæslu 2016 17.2.2016
Gerð virk	2.2.2016 - 10:55
Gerð óvirk	17.2.2016 - 8:28
Tímabil	2.2.2016 - 17.2.2016
Aðferð	Tölvupóstkönnun
Númer könnunar	27049

## Stærð úrtaks og svörun

Upphaflegt úrtak	157
Fjöldi svarenda	117
Svöruðu ekki	40
Svarhlutfall	74,52%

Árleg viðhorfskönnun (14 spurningar) foreldra sem nýta þjónustu dagforeldra í Kópavogi, var lögð fyrir 2. – 17. febrúar 2016. Þátttaka var tæplega 75%, eða 117 foreldrar, en var tæplega 60% árið 2015.

### Eins og undanfarin ár eru foreldrar frekar ánægðir með þjónustu dagforeldra, eins og fram kemur í svörum þeirra.

Aðspurð um hvað foreldrar væru helst ánægðir með, svöruðu 72 foreldrar og svörin eru þau helst að :

1. Viðmót dagforeldris, jákvæð samskipti, líðan barnsins hjá dagforeldri og lítið um lokanir (54 svör)
2. Útivera og aðstaða (19 svör)
3. Matur (14)
4. Góð upplýsingagjöf, um matseðla og skipulag dagsins (9 svör)

Aðspurð um hvað betur mætti fara, svöruðu 46 foreldrar. Þar af koma í 12 skipti fram að foreldri hafi ekkert við daggæsluna að athuga, þannig að raunveruleg svör við þessari spurningu eru þá 34. Þau eru helst:

1. Viðmót dagforeldris ekki gott, neikvæð samskipti og ósveigjanleiki í dvalartíma og mikið um lokanir (14 svör)
2. Skortur á upplýsingum um matarræði og skipulag dagsins (10 svör)
3. Matur ekki nógu góður (7 svör)
4. Útivera og aðstaða (7 svör)
5. Umsjón, eftirlit og samvinna við Kópavogsbæ (3 svör)

Í ár voru foreldrar m.a. spurðir hvort þeir hefðu frekar valið leikskólapláss hefði það staðið til boða. Samtals svara 104 foreldrar þeirri spurningu.

**66% segja já og 38% svara nei**

**Þá er foreldrar beðnir um að gera frekari grein fyrir svörum sínum og þau svör má helst greina þannig, þeir sem svara já:**

1. Í leikskóla er meira skipulagt starf og eftirlitið meira (26 svör)
2. Í leikskóla er meiri sveigjanleiki í dvalartíma og minna um lokanir (23 svör)
3. Leikskólinn er ódýrari kostur (14 svör)
4. Annað (7 svör)

**Hjá þeim sem heldur vilja dagforeldri eru svörin nærri samhljóma:**

1. Barnið er of ungt til að vera í leikskóla (39 svör)
  2. Eru ánægð með dagforeldrið (7 svör)
- 

Eitt af því sem vert er að huga að og fram kemur í þessari könnun, er að tæp 44% foreldra virðast ekki vita hvert þeir geta snúið sér ef eitthvað kemur upp á í daggæslunni. Einnig að 77% af þeim sem svara spurningunni um eftirlit með dagforeldrum að þeir vita ekki um eftirlitið og aðrir 22% þykir eftirlitið of lítið.

Kópavogi í mars 2016

María Kristjáns

Daggæslufulltrúi.